



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælishátíð
Hins íslenska bókmenntafélags
19. nóvember 2016**

Vigdís Finnbogadóttir
Borgarstjóri
Forseti Hins íslenska bókmenntafélags
Aðrir góðir gestir

Við fögnum í dag tveggja alda afmæli Hins íslenska bókmenntafélags. Tilefnið er svo sannarlega verðugt. Í fyrsta lagi er alls ekki sjálfsagt í heimi hér að félagsskapur nái þetta háum aldri. Í öðru lagi ber bókmenntafélagið aldurinn vel. Í þriðja lagi er brýnt um okkar daga að minnast þess mikilvæga hlutverks sem bókmenntir og menning gegna í samfélagi manna.

Það er magnþrungið orð, menning. Við þjálfum hvert um sig hug og hönd, lesum, horfum, hugsum, skiljum. Saman sköpum við svo sameiginlegan arf, samkomulag um merkingu hlutanna. Þannig verður menning til, þannig er henni haldið við.

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað á öld upplýsingar. Samhliða henni hófst vísindabylting á Vesturlöndum. Þegar leið á níttjándu öldina jókst framfarahugur á flestum sviðum í okkar heimshluta. Á Íslandi varð sjálfstæðisvakning og þar stóð Jón Sigurðsson í stafni, Jón forseti, þannig þekktur fyrir forystu í bókmenntafélaginu. Og heimur batnandi fór. Fólk lifði almennt lengur og betur í aldarlok, sæmilegur friður hélst, mannréttindi jukust. Nýjar uppfinningar voru stöðugt kynntar, vitneskja um heiminn varð ríkari. Sagnaritarar kepptust líka við að skrá söguna. Fræg eru þau ummæli ritstjóra Cambridge Modern History við upphaf tuttugustu aldar að senn kæmi að því að liðin tíð yrði að fullu skráð, allar heimildir skoðaðar, sögunni lokið.

Um þau aldamót töldu margir að veröld ný og góð biði mannkyns. Í raun tók við öld öfganna, hörmungar tveggja heimsstyrjalda, helstefna kommúnisma og nasisma. Samt vænkaðist hagur mannkyns þegar á heildina var litið og fram liðu stundir. Uppgötvanir í heimi læknávisinda bættu líf margra, nýlendukúgun lauk nær alveg. Hér á Íslandi vannst lokasigur í sjálfstæðisbaráttunni; með auknum samskiptum við útlönd stórjókst velmegun og menntun. Á Vesturlöndum urðu víðast til velferðarríki þar sem réttindi almennings voru í fyrirrúmi, menntakerfi og heilbrigðisþjónusta styrktust og jöfnuður varð meiri en áður, þótt þeim sem vildu og reyndu að skara fram úr væri það enn kleift. Undir lok aldarinnar urðu svo þau tímamót að alræðisflokkar í Austur-Evrópu hrökkluðust frá völdum og Sovétríkin liðu undir lok. Aftur heyrðist að endalok sögunnar væru runnin upp, að vísu með öðrum formerkjum en tæpri öld fyrr. Baráttu hugmyndakerfa væri lokið. Smám saman myndu frjálst markaðskerfi, alþjóðavæðing, einstaklingsfrelsi og lýðræðisleg stjórnkerfi í vestrænum anda breiðast út um heimsbyggðina alla. Með í kaupum fylgdu friður og farsæld.

Með allri þessari sögu fylgdust ritstjórar Skírnis og forsvarsmenn Hins íslenska bókmenntafélags. Tímaritið hélt gildi sínu, góðar bækur voru gefnar út og Lærdómsritin bættust við, frábær vitnisburður um metnað og framsýni. Þjóðhátíðarárið 1974 birtist jafnframt fyrsta bindi Sögu Íslands, þeirrar glæsilegu ritraðar.

Á nýrri öld er ekkert lát á tækninýjungum og færri líða hungur og örbirgð. Í mörgum löndum ríkir efnahagsleg velsæld. Flestir valdhafar viðurkenna loftslagsvá og vilja leita leiða til að sporna við henni. Margt gefur tilefni til bjartsýni um enn betri heim fyrir börn okkar og börnin þeirra. Annað vekur ugg. Er nóg að gert vegna hlýnunar jarðar? Er verið að vinna náttúruspjöll sem aldrei verða bætt? Og alltof víða er ófriður, fólk á flóttu. Aukin misskipting auðs vekur gremju, úlfúð, reiði. Alþjóðavæðingu og náinni ríkjasamvinnu er gjarnan kennt um upplausn og spennu innan ríkja og milli þeirra.

Menningin er jafnvel véfengd, menntunin, upplýsingin og vísindin. Sérfræðingar og menntamenn eru þá litnir hornauga, rannsóknir þeirra og niðurstöður dregnar í efa. Fólki utan fræðasamfélags finnst að á þeim vettvangi – í þeim fílabEinsturni – hafi orðið til forréttindalið sem skilji ekki þarfir og óskir almennings. Við þurfum sem aldrei fyrr að glæða og efla trú fólks á vísindum, tækni, menntun, alþjóðasamvinnu, fordómaleysi og virðingu fyrir skoðunum annarra.

Þetta nefni ég ekki til að ala á bölmóði á þessum gleðidegi Hins íslenska bókmenntafélags. Þvert á móti. Hlutverk félagsins er greinilega eins brýnt og áður. Enn er verk að vinna. Sögunni er ekki lokið. Að vísu

lauk Sögu Íslands á þessu afmælisári. Út kom ellefta og síðasta bindi ritraðarinnar góðu. En sögunni í öðrum og dýpri skilningi lýkur aldrei. Þótt það sé ekki beinlínis í verkahring bókmenntafélagsins nýti ég tækifærið til að nefna hér að nú þurfum við að halda áfram að segja þjóðinni eigin sögu. Og nú þurfum við að nýta nýjustu miðla, nýjustu leiðir við að ná til fjöldans frá fræðasamfélaginu.

Árið 2018 fögnum við aldarafmæli fullveldis Íslands. Til fyrirmyndar væri að minnast þeirra tímamóta með gerð sjónvarpsþátta og vefefnis þar sem sögu þjóðarinnar yrði miðlað til hennar með nýjustu leiðum, á grundvelli nýjustu rannsókna, þekkingar og sjónarmiða. Í sterku samfélagi þarf fjölbreytni og frelsi að ríkja. Um leið þarf að ríkja sæmileg sátt um sameiginlegan menningararf og reynslu liðinna kynslóða, sátt um menninguna sem verður að sameina frekar en sundra til lengdar litið.

Síðustu tvær aldir hefur Hið íslenska bókmenntafélag unnið að því göfuga markmiði. Á félaginu er engan bilbug að finna. Farnist því áfram vel.